



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 421-3100 Fax 421-3107

195. fundur skólanefndar FS

13. júní 1995

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Bogi Hallgrímsson, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingvar Guðmundsson, Gísli Brynjólfsson, Einar Trausti Óskarsson, Ólafur Sigurðsson, Hjálmar Arnason skólameistari og áheyrnarfulltrúarnir Guðjón Kristjánsson og Jón Ingi Baldvinsson.

Dagskrá:

1. Kennararáðningar.
2. Önnur mál.
3. Ráðning skólameistara.

Formaður setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

1. Kennararáðningar.

Rætt um kennararáðningar. Nefndin mælir með því að eftirtaldir kennarar verði ráðnir: Karen Arason, Hallveig Thordarson, Sigrid Österby, Auður Ólafsdóttir, Axel Nikolaison, Alda Jensdóttir, Þorvaldur Sigurðsson, Sumarrós Sigurðardóttir og Kristján Viggósson. Mælt með Baldri Guðmundssyni til að kenna viðskiptagreinar. Baldur er að ljúka réttindanámi og í ljósi þess, farsæls starfs hans við skólann og þess að hann hefur meiri menntun í viðskiptafræðum og meiri kennslureynslu en hinn umsækjandinn, Sigurbjörn Bragason, er mælt með því að Baldur verði ráðinn. Tveir sóttu um stöðu frönskukennara; Jórunn Tómasdóttir fékk 6 atkvæði en Guðný Arnadóttir eitt. Nefndarmenn þakka Guðnýju vel unnin störf í þágu skólans og harma að geta ekki mælt með ráðningu hennar vegna þess að hún hefur ekki starfsréttindi. Samþykkt að ráða Gróu Hreinsdóttir í 1/2 starf kórstjóra. Gengið verður frá öðrum ráðningum síðar. Tveir sóttu um starf sviðsstjóra samfélags- og viðskiptasviðs; mælt með að Elísabet Karlsdóttir gegni starfinu næstu 3 ár.

2. Önnur mál.

- a) Nemendur af netagerðarbraut voru útskrifaðir föstudaginn 5. maí.
- b) Útskrift verður laugardaginn 17. júní kl. 10:30. Nefndarfólk var hvatt til að mæta.
- c) Kynnt bréf frá Víkingaferðum þar sem óskað er eftir hlutdeild í skólaakstri. Formanni skólanefndar og aðstoðarskólameistara falið að kanna málið.

- d) Halla Haraldsdóttir hefur sent skólanum tillögur um gler- og mósaiklistaverk sem hún vill gefa skólanum. Skólinn bari þá aðeins kostnað við gerð verkanna og uppsetningu. Vísað til afmælisnefndar.

3. Ráðning skólameistara.

Sjö umsóknir bárust um stöðu skólameistara. Eftirtaldir sóttu um: Einar Valgeir Arason, Ólafur Jón Arnbjörnsson, Sigurður Þór Jónsson, Egir Sigurðsson, Þorvaldur Örn Arnason, Oddný G. Harðardóttir og Þórunn Friðriksdóttir. Málið verður rætt nánar á fundi sunnudaginn 18. júní kl. 10:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson
Guðmann Kristþórsson,
fundarritari